



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 48/2016

## Fyrri verð á tilboðsvörum Grillbúðarinnar

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Í tilefni ábendinga sem stofnuninni bárust um að vörur sem Grillbúðin hafi auglýst á tilboðsverði hafi ekki verið seldar á tilgreindu fyrri verði og að lækkað verð hafi verið kynnt lengur en sex vikur, sendi Neytendastofa ELO ehf., rekstraraðila Grillbúðarinnar, bréf, dags. 7. júlí 2016. Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Fram kom að ætti ábendingin við rök að styðjast teldi stofnunin viðskiptahætti Grillbúðarinnar vera til þess fallna að brjóta gegn nefndum ákvæðum.

Vakin var athygli á því að með bréfi, dags. 16. júlí 2012, hafi stofnunin tekið þá ákvörðun að ELO ehf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 366/2008 með auglýsingum sínum. Ekki hafi verið beitt sektum en ef um ítrekað brot væri að ræða mætti búast við að Neytendastofa beitti sektum sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 57/2005.

Af hálfu Neytendastofu var farið fram á að Grillbúðin færði sönnur á að eftirtaldar vörur, sem auglýstar voru þann 1. júlí 2016 hafi verið seldar á því verði sem tilgreint hafi verið sem fyrri verð áður en til afsláttar kom. Jafnframt var farið fram á skýringar á því frá hvaða tíma vörurnar hafi verið auglýstar á lækkuðu verði. Um væri að ræða vörurnar:

Landmann TRITON 2ja brennara gasgrill. Afmælistilboð kr. 59.900. Fyrri verð kr. 79.900.  
Landmann TRITON 3ja brennara gasgrill. Afmælistilboð kr. 79.900. Fyrri verð kr. 98.900.  
Landmann TRITON 4ra brennara gasgrill. Afmælistilboð kr. 99.900. Fyrri verð kr. 124.900.  
Landmann AVALON 4ra brennara gasgrill. Afmælistilboð kr. 169.900. Fyrri verð kr. 189.900.  
Landmann AVALON 5 brennara gasgrill. Afmælistilboð kr. 239.900. Fyrri verð kr. 269.900.  
Landmann PANTERA 2ja brennara gasgrill. Afmælistilboð kr. 39.900. Fyrri verð kr. 49.900.



## 2.

Svar Grillbúðarinnar barst með tölvubréfi, dags. 11. júlí 2016. Með tölvubréfinu voru Neytendastofu send afrit af auglýsingum þar sem vörurnar voru auglýstar á tilgreindu fyrra verði auk sölureikninga fyrir eina vöru sem ekki hafði verið auglýst áður.

Í bréfinu kom fram að markmið Grillbúðarinnar sé að fara eftir neytendalögum og hafi verslunin talið sig gera það. Aðal birgi Landmann sé 50 ára og séu afmælistilboðin í samstarfi við hann og gildistími afmælistilboðanna hafi átt að vera út júlí mánuð en ef hætta þurfi með tilboðið þá neyðist verslunin til að hækka verðin sem geti varla verið neytendum í hag því hér sé um raunveruleg tilboð að ræða.

Þá var í bréfinu tekið fram að ELO ehf. hafi ekki auglýst vörur, hvorki grill né annað, frá miðju árið 2012 og sama sem enginn rekstur verið á því félagið frá þeim tíma. Erindi Neytendastofu hafi væntanlega átt að berast Grillbúðinni ehf. og því sé erindi sem sent hafi verið ELO árið 2012 ótengt Grillbúðinni.

## 3.

Tölvubréfi Grillbúðarinnar var svarað af hálfu Neytendastofu þann 12. júlí 2016. Í tölvubréfi Neytendastofu kom fram að skráningu yrði breytt í skjalakerfi Neytendastofu og fært yfir á kennitölu Grillbúðarinnar. Þó sé bent á að í rafrænni símaskrá sé Grillbúðin tengd Elo ehf. í tengli til Ríkisskattstjóra.

Í þessu máli og því sem til meðferðar hafi verið árið 2012 sé um sömu verslun að ræða sem selji sömu vörur. Það hafi áður gerst að fyrirtæki skipti um kennitölu og ef um sömu aðila sé að ræða þá sé litill til eldri mála. Það verði skoðað í þessu tilviki.

Varðandi þau gögn sem stofnunin þurfi til sönnunar þá hafi verið farið fram á sölunótur frá því tímabili sem vörur hafi verið seldar á fullu verði. Hafi vörurnar ekki verið seldar á því tímabili þá sé hægt að senda afrit af auglýsingum sem metið sé hvort teljist fullnægjandi sönnunargögn.

Best væri ef send yrðu gögn og svör þar sem fram komi þau tímabil sem vörurnar hafi verið seldar á fullu verði og hvenær afsláttur hafi byrjað. Neytendastofa geti þá farið yfir það með hliðsjón af þeim reglum sem gildi um útsölur og afslætti.

## 4.

Með tölvubréfi Grillbúðarinnar, dags. 14. júlí 2016, var óskað upplýsinga um það hversu margar sölunótur þurfi að berast. Þá var óskað upplýsinga um það hvort meðfylgjandi breytt auglýsing væri í lagi.

Neytendastofa svaraði tölvubréfinu þann 15. júlí 2016. Þar segir að stofnuninni þurfi að berast sölunótur sem sýni að vörurnar hafi verið seldar á auglýstu fyrra verði áður en verð hafi verið lækkað. Best væri að fá fleiri en eina nótu fyrir hverja vöru.



Varðandi hina nýju auglýsingu þá séu ítrekaðar þær reglur sem gildi um verðlækkun. Í tölvubréfinu var í því sambandi sérstaklega vísað til 11. gr. laga nr. 57/2005 sem og 2., 3. og 5. gr. reglna nr. 366/2008.

## 5.

Neytendastofu voru send afrit af auglýsingum og sölunótum fyrir umræddar vörur með tölvubréfi Grillbúðarinnar þann 20. júlí 2016.

Í tölvubréfinu kom fram að ekki hafi verið gætt að sex vikna reglunni því í samstarfi við aðal birgja Landmann hafi verið ákveðið að hafa afmælistilboð fram til 1. ágúst 2016.

Grillbúðin neyðist nú til að hætta afmælistilboðunum og hækka verðin fyrr en áætlað hafi verið og hætta við að auglýsa lokadaga afmælistilboðsins með afgerandi hætti, verslunin þurfi að finna aðra leið til þess ef hægt sé. Hreinlega sagt þá fái Grillbúðin ekki séð hvernig hækkun á verðum sé neytendum í hag. Aðal birgi Landmann sé 50 ára og hafi lækkað verðin til Grillbúðarinnar á meðan á afmælinu standi og hætti því afslátturinn þegar afmælistilboðin hætti og geti Grillbúðin þar af leiðandi ekki haldið þessum lágu verðum áfram.

Grillbúðin hafi samviskusamlega passað sig að villa alls ekki um fyrir viðskiptavinum með plat tilboðum því nóg sé af þeim hjá stóru keðjunum, ef vara hafi ekki verið seld eða auglýst á fyrra verði þá sé aldrei gefið upp verð áður.

## 6.

Neytendastofa sendi Grillbúðinni tölvubréf þann 27. júlí 2016 þar sem fram kom að búið væri að fara yfir gögnin og letur á auglýsingum sé svo ógreinilegt að ekki sé unnt að sjá hvenær og hvar þær hafi birst. Annað hvort þurfi stofnuninni að berast skýrari eintök í tölvupósti eða hún þurfi að fá gögnin send með pósti þannig að unnt sé að sjá þær upplýsingar sem nauðsynlegar séu. Þá var óskað upplýsinga um það hvort til séu sölunótur fyrir þær vörur sem stofnuninni hafi verið sendar auglýsingar um.

Með tölvubréfi, dags. 27. júlí 2016, óskaði Grillbúðin upplýsinga um það hversu margar sölunótur Neytendastofa vilji fyrir hverja vöru, því þær skipti hundruðum.

Í tölvubréfi Neytendastofu, dags. 27. júlí 2016, kom fram að stofnunin þyrfti aðeins nýjustu nóturnar.

## 7.

Með tölvubréfi Grillbúðarinnar, dags. 28. júlí 2016, voru Neytendastofu sendar auglýsingarnar að nýju. Í tölvubréfinu kom jafnframt fram að dýrustu grillin hafi ekki selst á þessu tímabili en þau hafi ítrekað verið auglýst eins og sjá megi. Pantera grillið hafi ekki verið auglýst en það hafi verið selt á fyrra verði.



Með bréfinu fylgdu einnig afrit af sölureikningum. Þá var upplýst að afmælistilboðinu hafi verið hætt í síðustu viku og verðin hækkuð.

## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta var tekið upp í tilefni ábendinga sem Neytendastofu bárust um að grill sem auglýst voru á tilboði hjá Grillbúðinni hafi ekki verið seld á því verði sem tilgreint var sem fyrra verð, áður en tilboðið tók gildi auk þess sem tilboð hafi staðið lengur en í leyfilegar sex vikur.

Af hálfu Grillbúðarinnar voru Neytendastofu send afrit af sölureikningum og auglýsingum fyrir vörurnar til þess að sýna fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða. Þá var áætlaður tími tilboðsins stytur til þess að ekki yrði brotið gegn sex vikna reglu.

### 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laganna verða fyrirtæki að geta fært sönnur á fullyrðingar sem koma fram í auglýsingum eða með öðrum hætti.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:



*„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“*

Ákvæði 11. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

*„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“*

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blektir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 2. mgr. 2. gr. reglnanna segir:

*„Þegar vara eða þjónusta hefur verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skal lækkað verð vera venjulegt verð.“*

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að seljandi auglýsi vöru sína á útsölu eða tilboðsverði í langan tíma enda felur slíkt að mati Neytendastofu ekki í sér raunverulega verðlækkun, sbr. 11. gr. laga nr. 57/2005. Þegar vara hefur verið auglýst á lækkuðu verði í sex vikur er ekki lengur um tilboð að ræða.

Í 3. gr. reglnanna segir:

*„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“*

### 3.

Tilgangur ofangreindra ákvæða er að koma í veg fyrir að neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um verðlækkunir. Ákvæðin taka til verðlækkana í hvaða formi sem þær eru, þó með þeirri undantekningu þegar seljendur gera almenna verðbreytingu án þess að kynnt sé sérstaklega að um tiltekið verðhagræði sé að ræða. Þannig er ákvæðunum ætlað að tryggja að um raunverulega verðlækkun sé að ræða sem felur í sér verðhagræði fyrir neytendur. Til þess að ná fram því markmiði er kveðið á um að seljandi skuli geta sannað að vara hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð áður en til verðlækkunar kom. Tilgreint fyrra verð þarf að vera síðasta verð sem varan var seld á auk þess sem gerð hefur verið krafa um að varan hafi verið seld á því verði í nokkurn tíma. Í reglum nr. 366/2008 er ekki settur fram lágmarkssölutími eða krafa um fjölda seldra vara á fyrra verði heldur er það metið í hverju tilviki fyrir sig út frá þeim vörum sem um er að ræða, auk tímalengdar og fjölda annarra verðlækkana á vörunni. Þá er litið svo á að þegar verðlækkun hefur staðið í sex vikur sé ekki



lengur um sérstakt verðhagræði að ræða heldur telst hið lækkaða verð vera orðið almennt verð vörunnar. Þannig gera lög og reglur, sem verðlækkun varðar, ekki kröfu um að verð vöru sé hækkað að sex vikum liðnum en gerð er krafa um að látið sé af því að verðlækkunin sé markaðssett sem slík.

Í svörum Grillbúðarinnar hefur komið fram að gerður hafi verið samningur við aðal birgja félagsins fyrir Landmann grill um að í tilefni 50 ára afmælis yrði lækkað verð á tilteknum vörum út júlímánuð. Í svörunum hefur einnig komið fram að ekki hafi verið nægilega gætt að reglu um sex vikur við þá samningsgerð en síðar var Neytendastofu tilkynnt að tilboðinu hafi verið hætt fyrir en áætlað hafi verið í tilefni athugasemda stofnunarinnar. Neytendastofa fór fram á upplýsingar um það hvenær tilboðið hófst auk þess sem síðar var farið fram á að í svörum Grillbúðarinnar kæmu fram þau tímabil sem vörunar hafi verið seldar á fullu verði og hvenær afsláttur hafi byrjað. Þessu hefur ekki verið svarað af hálfu Grillbúðarinnar.

Þegar skoðuð eru þau gögn sem stofnuninni hafa verið send þar sem fram kemur fyrra verð á vörunum sést að þau gögn eru öll frá aprílmánuði 2016. Við skoðun á vefsafni Háskóla Íslands má jafnframt sjá að afmælistilboð hefur verið kynnt á vefsíðu Grillbúðarinnar, grillbudin.is, a.m.k. frá 10. maí 2016. Af þeim gögnum og svörum Grillbúðarinnar um það hvenær tilboðinu lauk liggur fyrir að tilboðin voru í gildi í ekki styttri tíma en níu vikur. Slíkt felur í sér skýrt brot gegn 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008 og þar með brot á 11. gr. laga nr. 57/2005 auk þess sem Neytendastofa telur að neytendum hafi verið veittar villandi upplýsingar um verðlækkunina, þegar sex vikur voru liðnar af verðlækkuninni. Þar með hefur Grillbúðin einnig brotið gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., laga nr. 57/2005.

#### 4.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafli laganna.

Í máli þessu liggur fyrir að brotið hefur verið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 sem og 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008 þar sem vörur voru seldar á afmælistilboði í ekki styttri tíma en níu vikur. Grillbúðin hefur ekki veitt Neytendastofu öll þau gögn sem stofnunin hefur farið fram á því verður ekki staðfest, án frekari aðgerða, hversu langur tilboðstíminn raunverulega var. Neytendastofa telur ekki þörf á að afla þeirra frekari gagna í máli þessu til þess að unnt sé að taka stjórnvaldsákvörðun í málinu en skortur á svörum Grillbúðarinnar kemur til álita við ákvörðun um álagningu sekta.

Af hálfu Neytendastofu hefur í gögnum málsins verið á það bent að stofnunin tók ákvörðun gagnvart ELO ehf., fyrri rekstraraðila Grillbúðarinnar, um sambærilegt brot þann 16. júlí 2012. Í því máli var ekki talin ástæða til álagningar stjórnvaldssektar. Grillbúðin hefur gert athugasemdir við að litið sé til fyrrgreinds máls við úrlausn máls þessa þar sem um nýjan rekstraraðila er að ræða. Neytendastofa bendir á að um sömu verslun er að ræða, sem selur



neytendum sömu vörur og samskipti Neytendastofu við fyrirtækin í báðum málum hafa verið við sama einstaklinginn. Þá sýnir vottorð úr fyrirtækjaskrá að sömu aðilar standa að baki Grillbúðinni og ELO. Því telur Neytendastofa fullnægjandi rök standa fyrir því að litið verði til fyrra málsins við afgreiðslu þessa máls.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Grillbúðina stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 500.000- (fimm hundruð þúsund krónur).

### **III. Ákvörðunarorð:**

**„Grillbúðin ehf., Heiðargerði 39, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að kynna lækkað verð á Landmann gasgrillum í lengri tíma en sex vikur.**

**Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Grillbúðinni ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 500.000 kr. (fimm hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkisjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 23. september 2016

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir